

Færeysk sendinefnd á fund Grænlandinga

Til að skapa bætta sambúð Færeyinga og Grænlandinga, er amast við sjómönnum

Mörg undanfarin sumur hafa iðulega orðið skærur af ýmsu tagi milli Grænlandinga og Færeyinga, sem stunda veiðar á Grænlandsmiðum. Virðist sem Grænlandingum sé heldur lítið gefið um hina erlendu gesti á fiskimiðunum.

Nú hefir danska stjórnin skrifað færeysku landstjórninni bréf um veiðiskap Færeyinga við Grænland og tilbakkni þá, sem þeir verði fyrir af hálfu Grænlandinga. Er til þess mælt, að sérstök sendinefnd Færeyinga fari til Grænlands, flytji þar ræður á mannfundum og tjái Grænlandingum, að færeyskir sjómenn séu friðsamir menn, sem engan yfirgang vilji hafa í frammi, og stafi Grænlandingum engin hættu af veiðiskap þeirra.

Kenna Grænlandsverzluninni um.

Færeyska blaðið „14. september“ skýrir frá þessum bréfaskiptum. Segir það jafnframt, að Grænlandingar hafi verið færeyskum sjómönnum hinir ljúfustu, er þeir byrjuðu að veiða við Grænland. En Grænlandseinkasalan hafi lítið vináttu Grænlandinga og Færeyinga illu auga, og hafi hún röið undir við Grænlandinga, unz þeir fylltust tortryggni við Færeyinga. — Sennilegt er þó, að Grænlandsverzlunin danska vilji bera af sér þessar sakir.

Lokið símaviðgerðum í Öræfum

Frá fréttaritara Tímans í Öræfum.

Í gærkvöldi var lokið við að reisa 37 staura, sem brotnuðu hér í Öræfum í veðrinum á dögnum á milli Hofa og Skaptafells. Voru 25 af þessum staurum á leiðinni á milli Svínafells og Skaptafells, þar sem linan sópaðist niður á löngum köflum.

Sjómannaútgáfan:

Skipið siglir sinn sjó — saga eftir Grieg

Seztánda bókin í Sjómannaútgáfunni, Skipið siglir sinn sjó, eftir Nordahl Grieg, er komin út, þýdd af Ásgeiri Blöndal Magnússyni. Á norsku heitir bók þessi Skibet gaar videre.

Hér er um að ræða úrvals-bók, skrifaða af einu víður-kenndasta rithöfund þessars aldar, og manni, sem íslendingum er mjög hugfólginn sökum dvalar hans hér á landi á stríðsárunum og örlaga, er hann fyrsti í flugferð yfir Þýskalandi, þegar nauð hernámsins kreppti hvað fastast að föðurlandi hans. Sjálfur þurfti hann ekki að fara þá ferð, en vildi ekki síður vera í hættu en aðrir landar hans, sem börðust fyrir frelsi ættjarðarinnar. —

Fjölbreytt myndasýning í Listvinsalnum

Þessa dagana stendur yfir í Listvinsalnum mjög fjölbreytt sýning á vatnsíttamyndum og öðrum listmunum eftir 30 íslensku listamenn. Á meðal þeirra, sem sýna eru margir hinna eldri og þekktustu málara okkar, svo sem Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Snorri Arinbjarnar og Þorvaldur Skúlason og allir hinna þekktustu meðal hinna yngri listamanna, — Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Valtyr Pétursson, Sigurður Sigurðsson, Örlýgur Sigurðsson og margir fleiri. Svavar Guðnason á hér fimm nýjar myndir, en hann hefir ekki sýnt síðan hann kom heim til landsins. Auk málverkanna hefir Júlíana Sveinsdóttir sent á sýninguna myndvefnað, — einnig á Ásgerður Ester þar myndvefnað.

Slegnir koparmunir eru eftir Björn Halldórsson leturgrafara, silfurmunir eftir hann, Val Fannar og Ásm. Jónsson og vefnaður eftir Guðrúnu Jónsdóttir. Funi h.f. sýnir hér einstaklega smekkt legð úrval nýrra leirmuna, sem teljast mega óvenjulega ódýrir, — allt niður í 10 krónur sumir munirnir.

Mestur hluti myndanna er að verði innan við 500 krónur, margar þeirra aðeins rúmar 100, — og hlýtur það að freista margra, þegar beztu myndlistamenn okkar elga í hlut.

Sýningin er opin í dag til kl. (Framhald á 7. síðu)

Finnar binda launin

Finnska ríkisþingið samþykkti í gær frumvarp stjórnarinnar um að binda launin við ákveðna framfærsluvísitölu til þess að bægja frá verðbólguhættunni, sem nú steðjar mjög að Finn-um. Frumvarpið var samþykkt með 141 atkv. gegn 37 og voru það kommúnistar og nokkrir smáflokkar, sem fylgja þeim að eðlun, sem greiddu atkvæði gegn því.

Gin- og klaufnaveiki herjar



Það er vaðasamt, að lesendur blaðsins átti sig strax á því af hverju þessi mynd er, enda mun ekki fyrr hafa birt í íslenskum blöðum mynd af nautgrip með gin- og klaufnaveiki. Myndin sýnir sýkta bletti á tannholdi nautgripa, er grönunum hefir verið flett frá.

Útlit fyrir mikinn ferðamannastraum næsta sumar

Samkvæmt fregnum frá banda riskum ferðaskrifstofum og skipa- og flugfélögum er búist við að ferðamannastraumur til Evrópu verði geysimikill á komandi sumri. Veldur þar mestu um lækkunin á flugferðum yfir Atlantshaf, sem er að koma til framkvæmda. Flugfélög í Evrópu hafa nú mjög til athugunar að koma á lækkun flugfara á flugleiðum í Evrópu.

Vishinski andvígur nýju afvopnunar-tillögunum

Jessup aðalfulltrúi Bandaríkjanna á allsherjarþinginu hafnaði algerlega tillögu Sýrlands um að undirnefnd stjórnmalanefndarinnar, skipuð fulltrúum Rússa og vesturveldanna héldu áfram fundum sínum og tillögunum til að ná samkomulagi um afvopnarmálin.

Vishinsky mun í dag láta í ljós álit sitt á hinum nýju breytingartillögum vesturveldanna við fyrri afvopnartillögur sínar. Breytingartillögur þessar voru fram bornar til að koma til móts við tillögur Rússa eins og samkomulag hafði orðið um á fundunum um daginn. Búist er við að Vishinsky lýsi sig algerlega andvígna tillögunum, en haldi þó enn opinna leið til umræðu um málin.

Konur sem sjálfbóða liðar til Indó-Kína

Franska stjórnin hefir óskað eftir að konur á aldrinum 23 til 30 ára gefi sig fram til starfa í franska hernum í Indó-Kína.

Hagkvæmt að byggja hér yfir stóra almenningssvagna

Stærsti farþegabíll, sem byggt hefir verið yfir á Íslandi, tekinn í notkun í gær

Yfirbyggingum stórra farþegabíla hefir fleygt mjög fram hér á landi að undanfögnu, bæði hvað styrkleika og ytri fegurð snertir. Eitt nýjasta dæmið um þetta er stór farþegabíll, sem notaður verður á Mosfellssveitarleið og Bílasmiðjan í Reykjavík hefir byggt yfir. Var blaðamönnum í gær boðið í ökuferð í hinu nýja farartæki, ásamt vegamálastjóra og nokkrum öðrum.

Ódýrari en erlendar.

Við þetta tækifæri upplýsti forstjóri Bílasmiðjunnar, Lúðvík Jóhannesson, að slíkar yfirbyggingar sem þessar séu ódýrari gerðar hér á landi en hliðstæðar keyptar utanlands frá.

Þannig kostar yfirbygging hins nýja áætlanarbíls 165 þúsund krónur, en myndi kosta erlendis frá um 173 þúsund, og er þá miðað við að sleppt sé 66% af innflutningstollum. En innlenda verk stæðið kaupir allt efni með fullum tollagreiðslum og verður þar að auki að greiða bátagjaldeyri fyrir mikinn hluta þess.

Nýi áætlunarbíllinn er sænskur, af Volvo-gerð, og gengur fyrir 150 hestafla dieselvél, en þær eru taldar mörgum sinnum sparneytnari í rekstri en benzínvélar. Burðarmagn vagnsins er 10 lestir, og var verð grindarinnar 121 þúsund krónur hing að komið.

Vönduð smíð.

Yfirbyggingin er smíðuð fyrir 42 farþega í sætum, og áætlað stæði fyrir 20. Grind yfirbyggingarinnar er smíðuð úr harðviði, en hurðarbitar eru úr járn. Að utan er yfirbyggingin klædd stáli og alúminíum. Rúðurnar eru í gúmmíumgjörðum, en að innan er vagninn klæddur með plasti, gúmmí og leðri. Litil vængjahurð fyrir farþega er opnuð með loftútbúnaði, og (Framhald á 7. síðu)

Atkvæðaseðlarnir streyma að

Lesendur blaðsins keppast nú við að kjósa „mann ársins 1951“, og bástur því í gær margir tugir atkvæðaseðla, bæði í pósti og frá fólki, sem kom sjálfst með þá í skrifstofur blaðsins. Er sýnilegt, að fólk tekur með ánægju þátt í þessu nýmæli, sem blaðið efndi til, lesendum sínum til skemmtunar í skammteginu.

Enn hafa engir atkvæðaseðlar horizt blaðinu utan af landi, enda skammt um liðið síðan til atkvæðagreiðslunnar var stofnað. En þeirra mun að vænta næstu daga.

Blaðið vill hvetja sem allra flesta til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslunni meðan tími er til, og vera þannig með um þetta áramótagaman í fyrsta skipti, sem til þess er efnt af íslensku blaði.

Flokkaglíma Rvíkur í fyrrakvöld

Flokkaglíma Reykjavíkur fór fram í fyrrakvöld.

Úrslit urðu þau í fyrsta flokki, að Ármann Lárusson úr Ungmennafélagi Reykjavíkur sigraði. Annar varð Anton Högnar (Framhald á 7. síðu)

Aukinn áhugi ungra manna á búnaðarnámi

2 stúlkur í Hólaskóla í fyrra — 1 í ár

Hólaskóli er að þessu sinni fullsetinn, og er sýnilegt, að áhugi ungra manna fyrir búnaðarnámi er drjúgum að aukast, sagði Kristján Karlsson skólastjóri við blaðið í gær, enda stórum meiri hugur í mönnum en verið hefir að stunda sveitabúskap.

Varð að visa frá.

Í fyrra var Hólaskóli tæplega fullsetinn og hefir svo verið undanfarin ár. Nú eru í skólanum eins margir og hægt var að taka á móti, en þó varð að visa nokkrum frá að þessu sinni.

Stúlkurnar í Hólaskóla.

Annað er líka eftirtektarvert: Ungar stúlkur virðast sækjast eftir því að stunda búnaðarnám á Hólum. Fyrir mörgum árum var ein stúlka

við búnaðarnám á Hvanneyri. en í fyrra voru tvær stúlkur í Hólaskóla, Sigríður Ágústsdóttir úr Reykjavík og Kristín Sigurmons-dóttir á Kolkuósi í Skagafirði. Luku þessar tvær stúlkur námi í vor.

Nú er fjórða stúlkun, sem búnaðarnám stundar hér á landi, í Hólaskóla. Það er Unnur Kolbrún Sveinsdóttir frá Arnardal við Ísafjarðardjúp.